

**Nd.** **382. Breytingartillaga** [192. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni.

Aftan við 3. gr. bætist:

Til hjúkrunarheimila aldraðra skal verja á árinu 1985 30 milljónum króna á fjárlögum þess árs og síðan á fjárlögum hvers árs, skv. ákvörðun Alþingis hverju sinni, enda verði upphæðin aldrei lægri en sem svarar 30 millj. króna miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1985.

*Varatillaga:*

Við 1. gr. frv. komi nýr töluliður sem verði 4. töluliður og orðist svo:

Framlög úr ríkissjóði þannig að heildarframkvæmdir sem sjóðurinn fjármagnar verði aldrei minni en á árinu 1984. Heimilt er að verja fjármunum samkvæmt þessum tölulið til styrktar hjúkrunarrýmis aldraðra á vegum sveitarfélaga til viðbótar við framlag síðasta málslið 12. greinar.